



Ó BORG
MÍN BORG

FRÍHÖFNIN

Október 2012

TÍMARIT

Fljótlegt og þægilegt



PANTA & SÆKJA

Þrjú einföld skref

1. Þú pantar vörur með minnst sólarhrings fyrirvara
2. Þú sækir vörurnar í brottfarar- eða komuverslun
3. Þú greiðir fyrir vörurnar þegar þú sækir þær

DUTYFREE.IS





STARFSMAÐN FRÍHAFNARINNAR

VELKOMIN

Fríhöfnin ehf. rekur **sex verslanir** í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, fjórar fyrir brottfararfarþega, eina ætlaða skiptifarþegum frá löndum utan Schengen-svæðis og þá sjöttu fyrir komufarþega á 1. hæð. Helstu vöruflokkar Fríhafnarinnar eru áfengi, fatnaður, leikföng, snyrtivörur, sælgæti og tóbak.

Brottfararverslun sem er björt og glæsileg býður upp á gott vöruúrval fyrir ferðamenn á öllum aldri. Þar má finna mörg vinsælustu erlendu vörumerkin og mikið úrval af íslenskum vörum, hvort heldur áfengi, snyrtivörur eða sælgæti.

Victoria's Secret verslunin sem staðsett er í brottfararverslun Fríhafnarinnar býður upp á flott



úrval af vinsælustu vörum í Victoria's Secret Beauty vörulínunni, einnig er sérstakt úrval af bolum, nærbuxum, töskum og veskjum og má þar nefna að töskurnar fást eingöngu í verslunum Victoria's Secret sem staðsettar eru á flugstöðvum.

Í **Dutyfree Fashion** má finna heimspekt vörumerki fyrir konur og karla á borð við Boss, Lloyd og Burberry. Þess má geta að Dutyfree Fashion er eina verslunin á Íslandi sem hefur á boðstólum fatnað frá Burberry. Nýtt merki bættist við í sumar en það er Mulberry. Töskur frá Mulberry eru mjög eftirsóttar, sérstaklega af erlendum ferðamönnum. Verðlagið á þessum vörumerkjum þykir afar hagstætt á Íslandi og segja margir að það þekkist hvergi lægra en í Dutyfree Fashion. Íslensk hönnun hefur verið í forgrunni og er úrvalið orðið mjög fjölbreytt. Í dag

þjóða 12 íslenskir hönnuðir fatnað, skó og fylgihluti í versluninni, en nýjustu vörumerkin eru RE 101 og Rósa Bryndís. Dutyfree Fashion vinnur í samstarfi við Valitor og Reykjavík Runway um markaðssetningu og sölu á fatnaði frá ungum íslenskum hönnuðum. Reykjavík Runway er fyrirtæki sem sér um markaðssetningu íslenskra hönnuða erlendis og Valitor er öflugur bakhjarl íslenskrar hönnunar. Það er því vel við hæfi að þessir þrír aðilar skuli standa saman að kynningu á íslenskum hönnuðum og vera öðrum til fyrirmyndar í þeim efnum þar sem Dutyfree Fashion er einn stærsti sýningargluggi landsins og mikilvægur stökkpallur fyrir unga íslenska hönnuði út í hinn stóra heim tískunnar.

Ferðamenn sem hafa áhuga á að kanna og upplifa hið stórbrotna land sem Ísland er ættu ekki að láta **Iceland Dutyfree** fram hjá sér fara sem staðsett er í suðurhluta flugstöðvarinnar. Verslunin er eingöngu með íslenskar vörur; snyrtivörur, áfengi, sælgæti og skrautlega fylgihluti. Verslunin er skemmtilega skreytt myndum frá Ozzo af íslensku landslagi, eldgosum og jökulsárlóni.



Last minute shopping byggist á því að þjóða viðskiptavinum það allra helsta, ef eitthvað hefur gleymst í aðal brottfararversluninni. Allra vinsælustu vörurnar sem eru á topp 10 sölulista eru fánlegar í þessari verslun.

Dutyfree utan Schengen er verslun fyrir farþega sem ferðast til landa utan Schengen-svæðis. Verslunin er hlýleg og skreytt íslenskum landslagsmyndum frá Ozzo. Boðið er upp á alþjóðleg vörumerki í áfengi, tóbaki, snyrtivörum og sælgæti. Einnig er mikið og skemmtilegt úrval af íslenskum vörum sem falla vel í kramið hjá erlendum ferðamönnum.

Komerverslun býður farþegum upp á góða þjónustu í rúmgóðri verslun þar sem þeir geta notið þess að kaupa tollfrjálsan varning við komuna til landsins. Komerverslun er til þess ætluð að spara óþarfa vesen hjá ferðamönnum, að bera innkaupapoka frá öðrum löndum með sér í flug, auk þess sem verðlagið er yfirleitt hagstæðara en á nágrannaflugvöllum okkar. Ferðamenn geta notið ferðalagsins betur með því að kaupa inn þegar þeir eru lentir á Keflavíkurflugvelli á meðan þeir bíða eftir farangri sínum.

Panta og sækja Síðast en ekki síst viljum við benda viðskiptavinum okkar á þá nýju þjónustu að geta pantað vörurnar og sótt, hvort heldur í brottför eða við komuna til landsins. Einfalt og þægilegt.

Borgarferðir

Það er fallett á að líta á suðvestur horninu þessa daganna. Við erum kyrfilega minnt á það að sumarið er liðið og haustið gengið í garð þegar byrja þarf daginn á að skafa hrímið af bílnum eftir næturfrostrið. Það er óhætt að segja að sumrin eru lengri víðast hvar en hér á landi. Margir hafa tekið þykku yfirhafnirnar fram á meðan Parísarbúar geta gengið nokkuð léttklæddir um í október og í Kaupmannahöfn má enn sjá fólk sitja utandyra á kaffihúsum, jafnvel þótt lafin séu farin að falla. Októberfest eru að hefjast í Þýskalandi og svo mætti lengi telja. Það er af nægu að taka vilji fólk bregða sér út fyrir landsteinana.

Íslendingar taka við sér á haustmánuðum og margir hverjir fara í borgarferð. Samkvæmt könnunum þá kjósa Íslendingar að ferðast til stórborganna á haustin og njóta alls þess sem þær hafa upp á að bjóða. Það mætti líkja stórborgarlífi við hálfgerðan frumskóg, það er allt á iði og eitthvað sem grípur augað á hverju strái, það er nóg um að vera. Allir frægu staðirnir, verslanirnar, veitingastaðirnir, fólkið og menningin. Ferðamaðurinn drekkur þetta allt í sig þegar þetta sameinast í eina magnaða upplifun. Þá er líka spennandi að fara á nýjan áfangastað, upplifa eitthvað alveg nýtt. Þótt sumir kjósi að „fara heim“ vegna þess að þeir þekkja viðkomandi borgir orðið eins og lófann á sér. Það er margt sem má gera öðruvísi í erlendum stórborgum en heima á Íslandi. Hjólaaleigur eru

spennandi kostur vilji fólk komast hratt og ódýrt yfir, en oft erfiður ferðamáti í verslunarferðum. Mæli þó með að allir prófi það að minnsta kosti einu sinni. Að skoða söfn er eitthvað sem margir hafa gaman af. Framboðið er mikið og nær til næstum allra áhugasviða. Eina sem þarf er að gefa ímyndunaraflinu lausan tauminn og kíkja á eins og eitt safn næst þegar farið er.

Ef einhver hefur ekki fengið nóg af því að versla eftir að hafa farið í gegnum flugstöðina á Keflavíkurflugvelli þá má oft gera bestu kaupin í úthverfum og hliðargötum í stórborgunum. Í örlitlum, oft illa merktum verslunum má gera kjarakaup og oft finnst hönnunarvara í þessum verslunum sem jafnvel finnst hvergi annars staðar. Þeir sem vilja virkilega prófa annan verslunarmáta ættu að skoða flóamarkaði en þeir finnast í nánast hverri einustu stórborg. Aðalatriðið er að hafa gaman af ferðinni og njóta þess. Fríhöfnin tekur svo vel á móti þreyttum ferðalöngum við komuna heim.

Mens world Nú standa yfir nokkrar breytingar á brottfararverslun



Fríhafnarinnar. Í nóvember 2012 verður nýr áfangastaður til innan Fríhafnarinnar fyrir karlmenn. Við köllum þennan stað Mens world. Í fyrsta sinn verður öllum snyrtivörum fyrir karlmenn komið fyrir á einn stað, svo karlpeningurinn þarf ekki lengur að leita í versluninni. Þar geta menn einnig fengið að smakka á fínun viskíum, koníaki, rauðvíni og svo mætti lengi telja. Aðalatriðið er að þeir geta gengið að vörunni sinni í Mens world.

Dutyfree Fashion

Dutyfree Fashion er af mörgum talin ein flottasta tískuvöruverslun á flugvelli í Evrópu. „Það er eitthvað svo sérstakt við hana,“ segja margir viðskiptavinir okkar. Við látum aðra eftir að dæma það en kynnum enn á ný nýja íslenska

hönnuði í versluninni. Rosa Bryndis er nýtt kvenfatamerki í Dutyfree Fashion. Á bak við hið nýja merki eru Bryndís Þorsteinsdóttir og Rosa Winther Denison, en þær kynntust í hönnunarnámi við Vera - The school of Art and Design. Þær leggja mikla áherslu á gæði, fjölbreytileika og lúxus í sinni hönnun. Það verður spennandi að fylgjast með þessu nýja merki í Dutyfree Fashion en Keflavíkurflugvöllur er af mörgum talinn einn stærsti sýningargluggi landsins fyrir íslenska hönnun og framleiðslu. En það er fleira nýtt að gerast í íslenskri hönnun í Dutyfree Fashion. RE101 er ný íslensk hönnun. Re101 eru íslenskir herraskór úr laxaroði. Þeir eru handsaumaðir samkvæmt gamalli hefð í fjölskyldufyrirtækjum á Ítalíu





og í Portúgal. Það er óhætt að segja að skórnir séu klassískir og tímalausir en efnisvalið gefur skónum nýstárlegt

yfirbragð. Uppistaðan í laxaroðinu kemur frá Sjávarleðri á Sauðárkróki.

Victoria's Secret

Það er í huga margra náteingt borgarferðum að fara í Victoria's Secret verslanir erlendis. Þar til á þessu ári gafst Íslendingum ekki kostur á að fara í slíkar verslanir nema á ferðalögum sínum um Bandaríkin. Í dag er glæsileg verslun á Keflavíkurflugvelli með miklu úrvali af snyrtivörum, nærbuxum og



fylgihlutum.

Snyrtitöskur eru gríðarlega vinsælar meðal viðskiptavina en fylgihlutirnir í versluninni eru töskur og veski en sömuleiðis seðlaveski, iPad töskur, tölvutöskur, ýmsar snyrtitöskur og fleira. Nýjir fylgihlutir koma inn á tveggja mánaða fresti og jólalínan er á næsta leiti, þar sem gyllti liturinn verður ráðandi. Snyrtitöskurnar hafa verið sérstaklega vinsælar en þær koma í öllum stærðum og gerðum. Allt frá litlum blýanta-snyrtibuddum upp í stór snyrtibox með alls kyns mynstri. Hinar klassísku Victoria's Secret rendur og hlébarðamynstur eru vinsælust en söluhæstar eru þrjár snyrtibuddur saman í setti. Vegabréfa- og iPhone hulstrin eru einnig vinsæl en nýjasta hulstrið er úr leðri. Þá hafa seðlaveskin, stór og smá, gert góða lukku en þau eru gerð úr kálfaskinni og er mynstrið sérhannað fyrir Victoria's Secret.

Nýjungar mánaðarlega

Í hverjum mánuði koma inn nýjungar í ilm- og litalínurnar en í versluninni er mikið úrval af ilmvötum, sturtusápum, kremum og svokölluðum Body Mistum, sem flestir þekkja, ásamt talsverðu úrvali af fördunarvörum og öðru því tengdu. Victoria's Secret Fantasies Body línuna (áður Secret Garden) þekkja flestar íslenskar konur en nýlega var farið að framleiða Eau De Toilette í Fantasy línunni og er það eina línan með Eau De Toilette. Í haust og vetur eru svo væntanlegir þrír nýir ilmir í þessari línu. Söluhæsta ilmvatnið frá fyrirtækinu er Bombshell og er það eitt af aðalsmerkjum fyrirtækisins. Victoria's Secret Dream Angels Heavenly er söluhæsti ilmurinn í Bandaríkjunum og hefur verið í fjöldamörg ár. Það er öruggt að það geta allar konur fundið eitthvað við sitt hæfi í versluninni og karlmenn eru mjög duglegir við að versla á konurnar í þeirra lífi þegar þeir ferðast. Það er sama hvert þú ferð, aðalatriðið er að njóta þess og hafa gaman af. Við hjá Fríhöfninni hlökkum til að taka á móti þér þegar þú kemur heim aftur.

Góða ferð



London, París, Fríhöfnin



Fríhöfnin státar af því að hafa hæfa snýrtifræðinga til að aðstoða viðskiptavinina. Tímaritið náði tali af einum þeirra og bað hann að segja okkur frá því með hverju hann mælir fyrir haustið

Við mælum með góðri hreinsun. Það skiptir miklu máli að hreinsa húðina eftir annasaman dag. Tala nú ekki um þegar við ferðumst til stórborga þar sem mengun getur verið mikil. Til að ná þessari góðu hreinsun má t.d. mæla með vörum frá Sensai. **Sensai Cellular Performance** andlitsvatnið og hreinsikremið sem er silkimjúkt, fljótvirkt og þægilegt, mýkir og sefar húðina og hentar öllum húðgerðum. Andlitsvatnið gefur að auki húðinni þann raka sem þarf svo húðnæringin Cellular Performance Essence og kremi Cellular Performance Lifting og Cream gangi betur inn í húðina. **Cellular Performance Essence** dregur á áhrifaríkan hátt úr sýnileika fínna hrukka. Það má bera á húðina bæði kvölds og morgna. **Cellular Performance**



Lifting hefur lyftandi áhrif á húðina með því að styrkja andlitsvöðvana og veita þeim orku. Kremið hentar vel yfir húðnæringuna, bæði kvölds og morgna. Ekki má gleyma augnsvæðinu en í Sensai kremlínunni má finna **SCP Eye Cream**, sem er áhrifaríkt augnkrem sem eykur þéttleikann í kringum augun, mýkir línur og veitir raka og næringu.


Fyrir þær yngri má nefna **Skin Ergetic** kremlínuna frá Biotherm sem inniheldur náttúruleg innihaldsefni framleidd úr ávöxtum og grænmeti. Kremi gefa húðinni einstaka orku og eyða þreytumerkjum. Þessi lína er án parabena og inniheldur dagkrem, næturkrem og serum.



Svo þarf að huga að förðuninni. Þar er hægt að benda á mjög hentugt meik frá Dior sem heitir **Capture Total** sem einnig inniheldur serum. Meikið hentar vel bæði í leik og starfi því það er með sólarvörn númer 15. Kremið vinnur gegn öldrun, þekur húðina vel, gefur einstaklega góðan ljóma og gerir förðunina lýtalausa. Gott er að nota **Skin Flash Radiance Booster** pennann frá Dior með til að fela bauga og er hann sérlega góður í kringum munninn áður en varaliturn er settur á, hann gefur vörnum meiri fyllingu.



BB kremi er nýjung sem vert er að skoða. Við seljum BB krem frá t.d. Estee Lauder, Clinique, Lancome og Dior. BB kremi eru lituð dagkrem með háum sólarvarnastuðli og gefa húðinni einstaklega fallegan ljóma.



Það er alltaf gaman að fylgjast með og skoða haust litlínuna. Haustlitirnir frá **Chanel** eru einstaklega litfagrir með dumbrauðum og rauðum varalitum, með varalítblýanta í stíl. Einnig erum við gott úrval af naglalökkum í öllum litum og má



þar nefna vörumerkin Chanel og Opi sem dæmi. Kinnalitirnir eru í tísku og við eigum gott úrval af þeim, það er skemmtilegt að eiga einn sem gefur þér náttúrulegt útlit og fagaðan ljóma.

Við erum með mjög gott úrval af möskurum og alltaf með það nýjasta. Má þar nefna **Hypnose Doll Eyes** frá Lancome og **Sumptuous Two Tone** frá Estee Lauder sem er tvöfaldur, brúnn öðru megin og svartur hinu megin. Einnig vorum við að fá nýjan maskara frá Clinique sem lengir sérlega vel og þykkir, og það nýjasta í þessu sambandi er svo **Bottom Lash Mascara** frá Clinique sem er með mjög litlum burstu og er góður fyrir neðri augnhárin. Til að ná hámarksárangri með maskaranum þínum er nauðsynlegt að eiga í snýrtibuddunni Cils Booster sem er settur undir maskarann til að þykkja og lengja augnhárin enn betur, auk þess sem hann drýgir maskarann. Við eigum **Cils Booster** til í nokkrum merkjum svo sem Lancome, Dior og Chanel.



Það er einstaklega skemmtilegt að hitta allt þetta ólíka fólk sem kemur við hjá okkur, þarfirnar og langanirnar eru margar og ólíkar. Við sérhæfum okkur í að veita góða þjónustu og bjóðum alla sem eru á leið gegnum flugstöðina velkomna.

Nýjustu dömuilmirnir í haust eru meðal annars **Gucci premier** sem hefur farið mjög vel af stað og **Dot frá Marc Jacobs** sem er léttur og í einstaklega smart flösku. Einnig erum við kominn með í sölu ilmvoðnin frá **Juicy Couture** sem hafa verið mjög vinsæl vestanhafs. Það nýjasta í herra ilmvoðnum er **Boss Sport**, **Encounter frá Calvin Klein**, **Eau Sauvage frá Dior** og að sjálfsgöðu mörg önnur ilmvoð.



UNA
skincare

Lífvirk efni unnin
úr íslenskum
sjávarþörungum

*Íslensk þróun og framleiðsla,
án litar-, ilm- og parabenefna*



www.unaskincare.com

Náttúrleg en eins og kvikmyndastjarna

YSL LE TEINT TOUCHE ÉCLAT

Nýr farði frá Yves Saint Laurent. Innblásturinn kemur frá Touche Éclat gullpennanum og óútskýranlegu ljósi hans. Sérstaklega næm áferð aðlagast húðinni fullkomnlega. Þreytumerki og ójöfnur hverfa án þess að hylja alveg eða setja upp grímu á andlitið. Húðin fyllist af lífi og öðlast náttúrulegan ljóma. Það sem formúlan inniheldur ekkert alkahól, helst liturinn eins jafnvel í hita.



LANCÔME HYPNOSE STAR

Nýr maskari frá Lancôme. Maskari kvikmyndastjarnanna. Þykkir mikið, óviðjafnanleg sveigja á augnhárin, greiðir vel úr augnhárunum, ljómandi og djúpur litur. Tvær hliðar á burstanum; flata hliðin til að ná þykktinni og sveigða hliðin til að sveigja og greiða úr.

Only 20% of signs of aging are inevitable... the rest can be visibly repaired.

BLUE THERAPY

Wrinkles, dark spots, firmness: repair up to 8 years of accumulated damage in 4 weeks¹.

NEW

AQUATIC LIFE FORMS, UNITED IN SYNERGY²
Biotherm biologists have screened and selected 3 powerful aquatic life forms with remarkable shared characteristics to skin.

A NEW ANTI-AGING POWER IS BORN
Active fractions of these 3 life forms are isolated and fused into a potent trio which stimulates skin's own repair from foundation to surface³. This highly-concentrated formula corrects wrinkles, dark spots, and lack of firmness.

VISIBLE RESULTS AFTER 4 WEEKS¹
Smoother skin 94%
More even complexion 86%
Firmer skin 82%

Look deeper: www.biotherm.com

BIOThERM

BEAUTY FROM THE DEEP

Clinical test, 41 subjects, 4 weeks. Improvement of aging signs equivalent in years. ¹ In-vitro test on A. flos-aquae and L. Octoleuca extract. ² Clinical self-assessment on 30 women over 4 weeks.

Maskarinn

Helena Rubinstein - Konan sem uppgötvaði fegurð.

Helena Rubinstein vissi að fyrirtæki verða að hafa sterkan grunn til að byggja á. Hennar mottó var að gera konur fallelgri, til þess að auka sjálfstraust þeirra. Hún varð fyrst manna að skilgreina húðina í þrjá flokka (1910). Og varð fyrst til að þróa virkar vörur; kornakrem sem hún kallaði Deep Clean(1950), krem sem inniheldur vítamínblöndur, Lanolin vitamin formula (1954), rakagefandi krem Skin Dew (1956) og Contour Lift film, krem til að styrkja og lyfta húðinni. Þetta voru vörur sem unnu á bóllum og unnu á móti húðskemmdum vegna sólarinnar (versta óvini húðarinnar). Hún lagði mikla áherslu á að nota vísindi í þágu fegurðarinnar, hún nýtti sér nýjustu rannsóknir í húðlækningum og jafnvel skurðlækningum. Hún gerði einnig miklar kröfur til hreinlætis og innihaldsefna í framleiðslu vara sinna. Hún hafði einnig áhrif á „make-up“ markaðinn, sem varð til þess að venjulegar konur, (ekki bara leikkonur og vændiskonur!) fóru að nota farða og maskara.



Hún kom með fyrsta vatnshelda maskarann á markaðinn 1939 og fyrsta „sjálfvirka“ maskarann (Long Lash) í „hylki“ 1958. Það útlit þekkjum við vel enn í dag.



„Það eru ekki til ljótar konur, eingöngu latar konur!“ -Helena Rubinstein

HVAÐ VIL ÉG AÐ MASKARINN GERI FYRIR AUGNHÁRIN MÍN?

Maskarar eru mjög misjafnir og kröfur kvenna til maskarans eru ólíkar. Konur eru með stutt, löng, þykk, þunn, bein eða sveigð augnhár og því mjög misjafnar þarfir þeirra. Því er um að gera að spyrja hvað maskararnir gera. Maskarinn sem besta vinkona þín notar er hugsanlega ekki rétti maskarinn fyrir þig.



Maskarar sem þykkja augnhárin eru oft með þykka kremformúlu, þannig að það fer mikið magn af maskaraefnum á augnhárin. Þessir maskarar endast því styttra.

Maskarar sem lengja augnhárin eru með þynnri formúlu, þeir ná því að lengja augnhárin, ná að greiða vel úr þeim og gera þau mjög eðlileg.

Maskarar sem sveigja augnhárin innihalda efni sem virkja náttúrulega

hegðun augnháranna. Þannig að augnhárin verða vel sveigð með nokkrum stökum.

Margir maskarar vinna á mörgum þáttum í einu t.d. að þykkja, lengja og sveigja allt í einni stroku.

Svo nú er bara að finna rétta maskarann.



BB kremin

BB krem eru allsstaðar - frá risa skiltum í búðargluggum til sjónvarpsauglýsinga á besta tíma. Konur um allan heim eru spenntar fyrir þessu nýja kremi.

Æðið byrjaði í Asíu, fór þaðan til Bandaríkjanna og tröllríður nú Evrópu. Hver snyrtivörrisinn á fætur öðrum selur nú BB krem.

BB þýðir „Beauty Balm“ eða „Blemish Balm“ allt eftir formúlunni. Þetta er í grundvallaratriðum litað dagkrem með eiginleikum húðvara og með sólarvörn, SPF.

Kremin virka eins og photoshop í túpu, og yngja húð þína samstundis. Þau vinna á húðinni með því að slétta samstundis úr fínum línunum og hrukkum eða öðrum misfellum eins og örum eftir bólur. Kremin hafa einnig þann eiginleika að draga úr roða og mýkja yfirborð húðarinnar, en mattar þar sem húðin þarf á því að halda og gefur henni lýtalaust útlit. Sumar gerðir verja húðina í leið gegn sól og öðrum skaða.

Hægt er að nota BB krem eitt og sér á eftir uppáhalds dagkreminu þínu. Það dregur fram fallegt lýtalaust útlit án farða. Einnig er hægt að nota það undir farða til að fullkomna húðina enn frekar, farðinn helst þá einnig betur á.



Have a little colour...

clinique.com © Clinique Laboratories, LLC

CLINIQUE

Allergy Tested. 100% Fragrance Free.

Sagan á bakvið Clinique

ER HÆGT AÐ BÚA TIL FALLEGRI HÚÐ

Árið 1967 tók blaðamaðurinn Carol Phillips viðtal við einn fremsta húðlækni þess tíma, Dr. Norman Orentreich, fyrir bandaríska tímaritið Vogue. Í viðtalinu sem bar titilinn „Can Great Skin Be Created?“, á ensku eða „Er hægt að búa til fallega húð?“ var leitast við að svara þeirri spurningu með lýsingu á



einfaldri hugmynd sem átti eftir að marka tímamót í snyrtivöruframleiðslu. Í greininni lýsir Dr. Orentreich hvernig hægt sé að gera húðina fallegri og heilbrigðari. Evelyn Lauder, tengdadóttir Estée Lauder, las greinina og vakti athygli á henni hjá Estée Lauder fyrirtækinu með þeim afleiðingum að bæði Carol Phillips og Dr. Orentreich

var boðið að vinna með fyrirtækinu að sköpun nýs vörumerkis. Þau voru bæði mjög áhugasöm vegna þessa og í ágúst árið 1968 kom CLINIQUE, fyrsta vörumerkið sem þróað er af húðlæknum, ilmefnalaust og 100% ofnæmisprófað, á markað. Í dag er Clinique eitt stærsta snyrtivörumerkið á markaðnum og selt í yfir 135 löndum víðsvegar um heiminn.

JÁ ÞAÐ ER HÆGT AÐ GERA HÚÐINA FALLEGRI OG HEILBRIGÐAR!

Markmið Clinique er að bjóða upp á klæðskerasniðnar lausnir fyrir allar húðgerðir. Húðin þarfnast daglegrar umhirðu en áhrifaþættir eins og aldur, árstíðir og persónulegt val hvernar manneskju gerir það að verkum að þarfir húðarinnar geta verið jafn mismunandi og tegundirnar eru margar. Efnasamsetningar og formúlur sem hæft geta þessum fjölmörgu húðtegundum eru það sem gera húðumhirðu Clinique einstaklingsmiðaða. Aðaláhersla Clinique er á 3ja þrepa húðumhirðukerfið, en það er bein afurð rannsókna Dr. Orentreich sem reyndi að sýna fram á að allir gætu öðlast fallega og heilbrigða húð. Einstaklingar með margskonar húðgerðir voru fengnir til að fara daglega eftir þremur einföldum þrepum með húðvörum frá Clinique: hreinsun, endurnýjun og næringu. Í kjölfarið var í raun hægt að svara spurningu blaðagreinarinnar sem haft hafði svo mikil áhrif á snyrtivöruframleiðandann Estée Lauder árið 1967: Já, það er hægt að gera húðina fallegri og heilbrigðari með réttu vörunum og daglegri umhyggju.



meet a genius . .

Clinique's Dramatically Different Moisturizing Lotion

Developed after years of clinical research and testing, Dramatically Different Moisturizing Lotion . . . allergy-tested and 100% fragrance-free . . . disappears into your skin quickly and completely, leaving no surface residue. So you can have it moisturizing with maximum efficiency . . . invisibly . . . all night long, and all day, under makeup. 2 oz. 7.50; 4 oz. 12.50.

No ordinary moisturizer this. Instead, a genius one. Because the scientific formula inside each bottle holds the essence of a leading dermatologist's belief about really effective skin lubrication.

Godchaux's and Clinique have a gift for you.

The Clinique Transfer Kit, basic Clinique skin care to carry with you . . . is yours with any 5.00 purchase or more of Clinique . . . Today through Saturday, February 20.

toiletries, Canal St.; also Lakeside, Edgewater Plaza

Godchaux's

Stjörnur og ilmvötn



BEYONCÉ MIDNIGHT HEAT

Midnight Heat er nýjasta ilmvatnið frá hinni ástsælu söngkonu Beyoncé. Tælandi ilmurinn er sexý og einstaklega kvenlegur. Ilmur sem endist langt framyfir miðnætti.



NAOMI CAMPBELL AT NIGHT

Lokahöndin og jafnframt það mikilvægasta til að klára „outfittið“ áður en haldið er út á lífið. Blómakenndur, austurlenskur, viðarilmur með smá ávaxtakeim.



CHRISTINA AQUILERA RED SIN

Red Sin er ástríðuþrungið ilmvatn. Christina Aguilera sækir innblásturinn í rauða litinn og í kvenleikann, löngun hennar er að fagna fegurðinni á því að vera kona og kraftinum og freistingunni í rauða litnum. Red Sin afhjúpar tælandi hlið sem allar konur búa yfir.



DAVID BECKHAM THE ESSENCE

Nýjasti ilmurinn frá David Beckham, The Essence, slær í gegn. Ilmurinn hrífur samstundis. Karlmannlegur og sexý ilmur. “Facing a challenge is life. Everything before and after is just waiting...”



LADY GAGA FAME

Lostafenginn, blómlegur, sykursætur ilmur fyrir kynþokkafullar drottningar. Sker sig úr frá öllu normi og hefðbundnu að hætti Lady Gaga. Fyrsta svarta ilmvatnið sem spreyst tært og verður ósýnilegt í lofti.



JUSTIN BIEBER SOMEDAY

Someday er byggð á þeirri hugmynd að við getum breytt heiminum, látið drauma rætast og meira að segja verið með þeim eina sanna sem skiptir okkur öllu máli. Ilmurinn er safarík mandarína, pera og villt ber. Sækóróna og rjómakenndur blómalykt. Smá vanilla og moskus. Ómótstæðilegur.

Umhirða húðar, hvernig eigum við að viðhalda æskuljómanum?

Til að viðhalda „æskuljómanum“ í húðinni er nauðsynlegt að hreinsa og næra húðina vel. Þó að farði sé ekki notaður daglega þarf samt sem áður að hreinsa óhreinindi af húðinni.

Húðin er stöðugt að endurnýja sig og því er regluleg hreinsun húðar nauðsynleg. Mikilvægt er að velja hreinsi og andlitsvatn við hæfi. Húðin getur verið mjög mismunandi allt frá því að vera mjög þurr, með yfirborðspurrk og mikinn raka yfir í að vera feit og glansandi. Flestir eru með normal húð sem skiptist í að vera normal/þurr eða normal/feit. Margar konur með normal húð eru með blandaða/feita húð á „T“ svæði („T“ svæðið er enni, nef og haka og myndar einskonar T yfir andlitið.)



Hinn fullkomni andlitshreinsir fyrir normal húð er **Galatéïs Douceur** sem hægt er að nota bæði fyrir andlit og augu. Formúla Galatéïs Douceur er fersk, létt og kremkennd sem nær að hreinsa öll óhreinindi af eins og farða, augnskugga og mengun.

Til að klára hreinsun húðarinnar er æskilegt að nota andlitsvatn. Hreinsirinn skilur eftir sig fína filmu sem andlitsvatnið hreinsar af. Að auki lokar andlitsvatnið húðholunum, frískar og gefur ljóma.

Til eru margar tegundir af andlitsvötnum en þau sem eru fyrir normal/þurra húð eða normal/blandaða húð eru **Tonique Douceur** og **Tonique Éclat**.



Éclat. Best er að setja andlitsvatnið í bómul og strjúka yfir andlit og háls kvölds og morgna. Á yfirborði húðarinnar safnast fyrir dauðar húðfrumur. Sérstaklega á

svæðum við nef og á höku. Gott er að hreinsa þessar dauðu húðfrumur af með kornaskrúbb einu sinni til tvisvar í viku.

Exfoliance Clarté kornaskrúbburinn frá Lancôme er einstaklega góður til að ná af dauðum húðfrumum á yfirborði húðarinnar. Í honum eru tvær tegundir af kornum. Annars vegar lítil blá (örkristallar) og svo stór hvít með ensínum sem flýta fyrir losun dauðra húðfruma.



Þegar húðumhirðan og hreinsunin er góð þá gera kremin og serumin meira gagn þar sem húðin er hrein og laus við óhreinindi eins og dauðar húðfrumur.

Serum eru til í mörgum gerðum og hlutverk þeirra eru mismunandi. Serum veitir húðinni næringu, eykur ljóma, styrkir, þéttir, byggir upp og og vinnur á fínun og djúpum línun. Flest serum eru sett á hreina húðina undir krem. En það getur þó verið mismunandi eftir tegundum. Serum eru í flestum tilfellum þunnur vökvi sem inniheldur mikið magn af virkum efnum. Í kremum eru virku efnin líka en þá er að auki búið að bæta við efnum sem næra og gefa raka.

Húðin er stærsta líffærið okkar og bregst við hita og kulda. Á Íslandi er allra veðra von og því er næringamaski góð auka vörn fyrir húðina. Frostið, hitabreytingarnar og vindurinn þurrka upp húðina og gera hana stífa og þurra.



Hydra Intense rakamaskinn gefur húðinni næringu, raka, sléttir úr fínun línun og gefur húðinni ljóma. Hann er einstaklega þægilegur í notkun. Maskinn er settur á þurra hreina húð og látin bíða í 5 mín.

UNA Skincare

snyrtivörur



Lífvirkra efna. Kremin veita náttúrulega vörn, eru án litarefna, ilmefna og paraben efna.

Þau henta öllum húðgerðum.

Stærð 30 ml.

Marine bioactive endurnærandi dagkrem

Dag- og næturkrem innihalda lífvirk efni sem unnin eru úr íslenskum sjávarþörungum og eru þróuð út frá vísindum og margra ára rannsóknarvinnu. Lífvirku efnin eru einangruð með háþróaðri aðferð sem tryggir hámarksvirkni þeirra. Dagkremin er áhrifaríkt krem sem veitir sterka andoxandi vernd, kemur í veg fyrir og dregur úr fínunum línum. Næturkremin er kröftugt, hjálpar til við að byggja upp húðina og kemur í veg fyrir og dregur úr fínunum línum og hrukkum. Inniheldur mikið magn andoxunarefna og annarra

Marine bioactive uppbyggjandi næturkrem



BED HEAD®



WWW.TIGI.IS



Ný ilmvötn



BOSS NUIT

Nautnafullur blómakeimur af fjólu og jasmínu sem skapar kvenlegan blæ. Útkoman er ilmur í fullkomnu jafnvægi sem fer hverri konu vel, umlykur hana sjálfstrausti og kvenleika fyrir kvöldið.



GUCCI PREMIERE

Rétt eins og leikkona á rauða dreglinum sem prýðir Gucci kjól á hver kona skilið sitt Gucci Premiere „móment“. Hún er nútímleg táknmynd.



LANCÔME LA VIE EST BELLE

La vie est belle er yfirlýsing. Hann stendur fyrir auðæfi og útlit. Frelsið til að velja eigin hamingju án allra þröngvana.



DOT MARC JACOBS

Ilmvatnið er tjáning á litríkum og sjálfsöruggum persónuleika. Fjörug, óvænt og bjartsýn stúlka. Ríkmannlegur, safaríkur blómailmur.



Ný ilmvötn



JAMES BOND 007 - HERRA

„Hættulegasti fagaði ilmur í heimi” - GQ



CALVIN KLEIN ENCOUNTER

Nautnafullur viðarkenndur ilmur, með moskusilmefni. Ferskur en kryddaður. Dularfullur, karlmannlegur og kynþokkafullur.



DIESEL ONLY THE BRAVE TATTOO

Ný saga hugrekkis, um innri styrk, stíl og sterkan persónuleika einkennir nýja DIESEL only the brave TATTOO. Húðflúr er ekki lengur tíska, heldur merki um persónuleika. Ilmurinn er kryddaður, fagaður og heillandi. Inniheldur Granny Smith Accord, Bourbon Pepper Essence ásamt Ambery Wood Accord.



ARMANI
code
ultimate

the new intense fragrance for men

GIORGIO ARMANI




HREIN NÁTTÚRUFEGURÐ

FULLKOMIÐ SAMSPIL NÁTTÚRU OG VÍSINDA

VIRK HRÁEFNI

Blue Lagoon jarðsjórinn og einstök náttúruleg hráefni hans — kísill, steinefni og þörungar — eru uppistaðan í húðvörum frá Blue Lagoon. Jarðsjórinn er þekktur fyrir lækningamátt sinn og jákvæð áhrif á húðina. Blue Lagoon hráefnin eru rækтуð beint úr náttúrunni með náttúruvænum aðferðum. Þessi aðferð endurspeglar fullkomið samspil náttúru og vísinda. Hún tryggir að við getum notað það sem náttúran færir okkur á hreinan og öruggan hátt til að veita okkur heilsu, vellíðan og fegurð.



ÞÖRUNGAR | GEGN ÖLDRUN HÚÐARINNAR

Í jarðsjó Bláa Lónsins eru tvær tegundir þörungar, kúlþörungur og þráðþörungur. Nýlegar rannsóknir teymis Bláa Lónsins sýna að kúlþörungurinn dregur úr niðurbroti kollagens í húðinni af völdum skaðlegra geisla sólar og þráðþörungurinn örvar náttúrulega kollagenmyndun húðarinnar.

KÍSILL | STYRKIR HÚÐINA

Blue Lagoon kísillinn verndar húðina fyrir umhverfis-áhrifum með því að styrkja náttúrulegt varnarlag hennar.

Heilbrigð virkni varnarlags húðarinnar er einn af lykilþáttum í viðhaldi heilsu og útgeislunar húðarinnar.



STEINEFNI | ENDURNÆRIR HÚÐINA

Blue Lagoon jarðsjórinn inniheldur einstaka samsetningu steinefna. Þau eru mikilvægur hluti Blue Lagoon húðvaranna því að þau endurnæra og viðhalda jafnvægi húðarinnar. Árangurinn er heilbrigð húð sem geislar af náttúrulegri orku.



BLUE LAGOON ALGAE MASK

NÆRIR, LYFTIR OG EYKUR LJÓMA

Blue Lagoon algae mask er nýr og nærandi þörungamaski sem dregur úr fínun línum, styrkir efsta varnarlag húðarinnar og fær húðina til að ljóma.* Yfirbragð húðarinnar verður heilbrigðara og fállegra.

KONUR SJÁ ÁRANGURINN**

ENDURNÆRÐ	100%
FALLEGRA YFIRBRAGÐ	85%
SLÉTTARI	80%
AUKINN LJÓMI	80%

*In vitro og in vivo prófanir: Grether-Beck S. **Neytendapróf: 20 konur.

BLUE LAGOON
ICELAND

VICTORIA'S SECRET

BEAUTY & ACCESSORIES

Við eigum frábært úrval af töskum, veskjum, seðlaveskjum og Ipad-hulstrum sem fást bara í Fríhöfninni og í tveimur flugstöðvum í USA. Snyrtitöskurnar koma í öllum stærðum og gerðum. Allt frá litlum snyrtibuddum fyrir blýanta í stór snyrtibox.



FOLDABLE EXPANDABLE TOTE

Stækkanleg taska. Frábær í ferðalagið. Það er hægt að stækka hana um 2 stærðir. Flott sem veski eða í tösku sem er hægt að nota í handfarangur. Fæst í 2 litum.



LEATHER EW SACHEL

Einstaklega flott og vönduð leðurveski með krókódíla mynstri. Voru framleiddar í takmörkuðu upplagi.



BRUSH KIT

5 vandaðir förðunarbústar í sérgerðri tösku fyrir bursta. Fæst í 2 litum.



HANGING WEEKENDER

Tvöföld Snyrtitaska. Frábær snyrtitaska sem er tvöföld og það fer lítið fyrir henni. Nú er hægt að koma öllu snyrtidótinu fyrir í einni og sömu tösku. Til í 2 stærðum og í 4 litum.



LEATHER ENVELOPE IPAD CASE

Ótrúlega smart Ipad-hlíf úr leðri og sem er í laginu eins og umslag. Til í 5 litum.



LAPTOP SLEEVE

Extra smart 15" fartölvuhlíf. Fæst í 3 litum.



NYLON PHONE CASE

Farsíma budda með armbandi sem hægt er að taka af og sem passar fyrir flesta farsíma. Fást í 4 litum.

VINSÆLUSTU SNYRTIVÖRURNAR

KREM

1



EGF SERUM

2



EGF DAGKREM

3



ESTÉE LAUDER DAYWEAR SHEER TINT

FÖRÐUNARVÖRUR

1



SENSAI BRONZING GEL BG62

2



HELENA RUBINSTEIN LASH QUEEN FELINE

3



KANEBO TOTAL FINISH TF203

HERRASNYRTIVÖRUR

1



L'ORÉAL MEN HYDRA ENERGETIC CREAM

2



BOSS SKIN DEODORANT

3



BIOTHERM AQUAPOWER MEN

VINSÆLASTA SÆLGÆTIÐ

1



M&M CHOCOLATE

2



TOBLERONE MILK 400GR

3



EXTRA SWEET MINT

ÍSLENSKT SÆLGÆTI

1



DJÚPUR

2



PRISTUR

3



NÓA KROPP

VINSÆLASTA ÁFENGID

VISKÍ



JAMESON



FAMOUS GROUSE



CHIVAS REGAL

KONÍAK



CAMUS ELEGANCE
VSOP



OTARD COGNAC
VSOP



MARTELL MEDAILLON
VSOP

LÍKJÖRAR



BAILEYS IRISH CREAM



GRAND MARNIER



AMARULA CREAM

RAUÐVÍN



MASI COMPOFIORIN



SARTORI AMARONE DELLA VALPOLICELLA



FAUSTINO I GRAN RESERVA

HVÍTVÍN



ARS VITIS



ROSEMOUNT GTR



VOGA PINOT GRIGIO

BJÓR



ELLA

Vetrarlína ELLA heitir að þessu sinni V - FOR VICTORY. Áfram er lögð áhersla á falleg snið og góð efni. Línun var sýnd á tískuviku í New York í febrúar síðastliðnum.

Nafngiftin á þessari línu kemur til þar sem margar myndir á hugmyndaborðinu hjá þeim eru frá tímum seinni heimstyrjaldarinnar. Ein mynd höfðaði sterklega til þeirra - en þar fagnaði fólk á götum úti endalokum styrjaldarinnar með því að mynda „V“ með fingratákni.

Listagyðja línunnar er Lauren Hutton. Tímalaus fegurð hennar, stórt brosið og þokki setti sitt mark á línuna.

Í boði eru fjölmörg ný snið en einnig er unnið út frá góðum grunni sem starfsfólk ELLA hafa nú þegar skapað sér. Í fyrsta sinn mun ELLA bjóða upp á ullar- og kasmír efni frá ítalska ullarframleiðandanum Loro Piana.

ELLA

BY ELINROS LINDAL



KRON

KRON by KRONKRON er hugarfóstur Hugrúnar Árnadóttur og Magna Þorsteinssonar. Hugrún útskrifaðist sem fatahönnuður árið 2000 frá Studio Bercot París og Magni útskrifaðist sem hárgreiðslumeistari árið 1998. Þau stofnuðu sína fyrstu búð, KRON árið 2000 og árið 2004 opnuðu þau sína aðra verslun KRONKRON. Búðirnar selja bæði skó og fatnað frá þekktum merkjum ásamt ungum og uppnennandi hönnuðum.


Árið 2008 varð draumur þeirra um að hanna eigin skólínu að veruleika og í kjölfar þeirrar velgengni sem sú línu hefur notið hafa þau nú bætt við sig fatalínu.

KRON by KRONKRON einkennist af litagleði, sköpunargleði og mikilli natni við smáatriði. Andi merkisins er tímalaus en umfram allt kvenlegur og fallegur.

KRON
by
KRONKRON



Kveikjan að haustlínu KRON by KRONKRON eru afrískar kvenhetjur. Línun inniheldur sterkari liti, ný snið og mikinn kraft þar sem að kvenorkan er undirstrikuð.



ROSABRYNDIS

ROSA * BRYNDIS er merki sem er fagað en um leið frumlegt og er skapað til að koma til móts við hinar fjölbreytilegu þarfir nútímakonunnar. Fötin eru einstök, tilraunakennd og koma sannarlega ögn á óvart. Hugljómun hönnuðanna kemur bæði frá náttúrlegum formum og manngerðum sem aftur hefur þau áhrif að flíkurnar eru ögn óhefðbundnar og um leið kvenlegar.

Vetrarlínan er inspireruð af Parísarborg. Þær eru töff, kvenlegar og með skemmtileg snið

ROSA • BRYNDIS



HELICOPTER

Í vetrarlínu Helicopter ferðumst við til regnskóga Papúa Nýju-Gíneú þar sem skrautlegi hamur fuglsins "Wilson's Bird of Paradise" veitir fjórðu fatalínu Helicopters innblástur með marglituðum fjöðrum sínum en í línunni ráða litrík prent og prjónaflíkur ríkjum.

Nafn línunnar, The Teenager in the Forest, kemur frá ömmu Helgu Lilju sem lengi hefur verið uppspretta innblásturs fyrir fatamerkið. Í sumarlínunni notaðist Helga við krosssaumsmynstur úr skúffum ömmu sinnar, Jórunnar Viðar, en nú er það uppáhalds lag Helgu eftir Jórunni, Unglingurinn í skóginum, sem kyndir undir sköpunargáfunni og eru mynstur prjónaflíkanna m.a. þaðan sprottinn.

Nýja línan leggur áherslu á prjónaföt og sjóndeildarhringurinn er víkkaður með nýjum útfærslum af sniðum á meðan þægindi eru ávallt í hávegum höfð.

helicopter



SPIRAL

Spiral design er íslensk hönnun og fatnaðurinn er saumaður á Íslandi. Hönnunin er sótt í umhverfið, fólkið og líðandi stund hverju sinni, tímalaus og þægilegur fatnaður hugsaður fyrir konur á öllum aldri.

Haustið og veturinn hjá Spiral Design einkennist af einföldum sniðum, klassískum og umfram allt þægilegum fatnaði. Litirnir eru svart í bland við ljóst.

Peysur og peysukjolar eru áberandi en einnig síðir og léttir kjólar sem hægt er að nota ýmist við leggingsbuxur og eða sokkabuxur.



Svo verða húfur, treflar og þykkir klútar í skemmtilegum litum sem poppa oft upp svarta litinn sem er án efa alltaf vinsælastur.



RE101

Íslenskir herraskór, handsaumaðir úr laxaroði.

Herraskór frá RE101 eru nú fáanlegir í Dutyfree Fashion. RE101 skór eru handsaumaðir samkvæmt gamalli hefð í smáu upplagi af fjölskyldufyrirtækjum á Ítalíu og Portúgal. Hönnun og efnisval eru bæði klassísk og nýstárleg sem gefur skónum líflegt og karlmannlegt yfirbragð, en RE 101 er fyrst vörumerkja til að hanna og markaðssetja heila vörulínu saumaða úr laxaroði.

RE 101 er íslenskt vörumerki sem hefur getið sér góðs orðs á Ítalíu fyrir stílhreina og tímalausa hönnun ásamt áhugaverðu vali á hráefni, en uppistaðan í því vali er laxaroð frá Sjávarleðri á Sauðárkróki. RE 101 línán sýnir að hægt er að sameina gæði og tímalausa hönnun samtímis með því að bera virðingu fyrir fólki og umhverfi.

RE 101

R E Y K J A V I K



REY

Nýjasta lína REY er undir áhrifum bandaríska listmálarans Ellsworth Kelly, í vali á litum og formi. Rík áhersla er lögð á hvernig efnið fellur og ósamhverfu í sníðagerðinni. REY notast eingöngu við náttúruleg efni þá aðallega silki.



Viscoise bolur, hot pink



Silki kjóll, svartur



Tetaris kjóll



Silki kjóll, svartur og silki jakki, hot pink

FARMERS MARKET

Náttúruleg hráefni og sveitarómatík með fjarlægum ómi af pönki og þrjáli eru leiðarstef íslenska hönnunarfyrirtækisins Farmers. Innblástur er sóttur í ræturnar, hina einstöku íslensku arfleið þar sem menn og dýr hafa lifað í sambyli við harðger náttúruöfl öldum saman.



Reykir



Tjörn



Holt



Akrar





BOSS
HUGO BOSS

BOSS

Mikið og gott úrval af Boss fatnaði fyrir dömurnar, bæði í Boss Orange og Boss Black línunni.



Boss Black Jimiean jakki og Boss Black Vellana pils.



Boss Orange Adaline kjóll.



Boss Orange Ettinae kjóll



Boss Black Diemal kjóll og Boss Black klútur.

BOSS
HUGO BOSS



Boss Orange Ostaria jakki.



Boss Black Jannika leðurjakki, Boss Black Vilisa pils og Boss Black klútur.



Boss Black Halay kjóll.



Boss Black Peysa, Boss Black leðurpils og Boss Black klútur.



Boss Black Clamin kápa.

BOSS herra

Herralínan er alltaf geysi vinsæl hjá íslenskum karlmönnum.



Boss Orange CaE skyrta



Boss Black Obert skyrta og
Boss Black Lennon peysa.



Boss Black Gerald skyrta og
Boss Black bindi.



Boss Black Farion trefill.



Boss Black Osoda1 jakki



Boss Black Lonenzo skyrta og
Boss Orange Konrad peysa.



Boss Black Daik! dúnúlpá.



Boss Orange Cieloebue skyrta og
Boss Orange Kenrick jakkapeysa



Boss Orange Tucked bolur og
Boss Orange Jaser-D leðurjakki.

Við fengum Hrefnu
Sætran til að gefa okkur
uppskriftir og fyrir valinu
varð lakkrískrydduð
nautalund og
óhefðbundnar vöffur

LAKKRÍSKRYDDUÐ NAUTALUND

800 G NAUTALUND
3 MSK HRÁSYKUR
3 MSK SVARTUR PIPAR
1 MSK FENNELFRÆ
4 STK STJÖRNUANIS
4 RIF HVÍTLAUKUR
OLÍA TIL AÐ PENSLA MEÐ
SALT

Aðferð: Snyrtið nautalundina og skerið hana í fjórar steikur. Blandið saman sykrinum, piparum, muldum fennelfræjunum, muldum stjörnuanisinum og fínt söxuðum hvítlauknum. Nuddið helmingnum af kryddblöndunni á kjötið og marinerið í 20 mínútur. Nuddið svo afgangnum á kjötið og leyfið að marinerast aftur í 20 mínútur. Penslið kjötið með olíu, kryddið það með salti og grillið það í 4 mínútur á skurðinum. Snúið kjötinu reglulega svo að hitinn komist sem jafnast að miðjunni og kjötið verði safaríkt.

Við mælum með Roda I rauðvíni með nautinu

Mikil eik, kaffi og vanillubaunir, kjötmikið, svartur, þurr og þykkur ávöxtur. Kröfugt og margslungið vín. Frábært matarvín.



SÚKKULAÐIBROWNIE VAFFLA

RJÓMAOSTAKREM

250 G RJÓMAOSTUR
40 G SYKUR
100 G HVÍTT SÚKKULAÐI
125 ML ÞEYTTUR RJÓMI

Aðferð: Setjið rjómaostinn, sykurinn og súkkulaðið í vatnsbað og bræðið. Líttþeytið rjómann. Blandið saman rjómaostinum og rjómanum. Kælið.

VÖFFLURNAR

1/2 BOLLI BRÆTT SMJÖR
1 BOLLI SYKUR
3 EGG
1 TSK LYFTIDUFT
1/2 BOLLI HVEITI
1/3 BOLLI KAKÓDUFT
1/4 BOLLI HNETUSMJÖR

Aðferð: Þeytið sykurinn og smjörið vel saman. Bætið eggjunum út í. Bætið svo þurrefnunum og hnetu-smjörinu út í. Bakið degið í vöfflujárninu í 3-5 mínútur.


Við mælum með Moscatel sætvíni með eftirréttnum

Þetta vín er gert úr ævaforrni ljósgylltri þrúgu sem nefnist Moscatel de Alejandria og er þannig kennt við borgina Alexandríu í Egyptalandi. Sagan segir að hin eina sanna Kleópatra hafi þótt vín úr þessar þrúgu sérlega gott. Vínviðurinn er einhver sá elsti sem til er. Þrúgan er klárlega sæt, enda var hún gjarnan notuð til rúsínugerðar hér fyrir á öldum. En Moscatel de Alejandria er sætvín sem hentar sérlega vel með eftirréttnum, sér í lagi úr súkkulaði. Vínið hefur þegar unnið til margra verðlauna, m.a. Nariz de Oro Best spanish Moscatel (Spánn), Silver 'Zarcillo' (Spánn), Gold Noé (Spánn), Silver Medal Mundus Vini (Þýskaland), Silver Medal China Wine and Spirits Competition (Kína), og Gold Medal La Selección (Þýskaland).

JARÐABERJASÓSA

200 ML VATN
200 G SYKUR
10 KARDIMOMMUR
1 VANILLUSTÖNG
1 JARÐARBERJAASKJA

Aðferð: Setjið vatnið, sykurinn, kardimommurnar og vanillustöngina í pott. Sjóðið sýrópið niður um helming. Skerið jarðarberin í báta og hellið sýrópinu yfir berin.



64° Reykjavík Distillery hlýtur Rauða depilinn 2012

64° Reykjavík Distillery hlýtur Rauða depilinn 2012 fyrir hönnun á líkjörálinu sinni, sem unnin er úr íslenskum hráefnum: krækiberjum, bláberjum og rabarbara. Red dot award er ein stærsta og virtasta viðurkenning sem veitt er fyrir hönnun og er til marks um að hönnunin sé framúrskarandi á sínu sviði í alþjóðlegu samhengi. Þátttakendur í ár voru 6823 frá 43 löndum og hlaut Reykjavík Distillery viðurkenningu í flokki umbúðahönnunar. Þetta er ánægjuleg viðurkenning fyrir 64° Reykjavík Distillery sem er þarna að keppa við það besta sem er að gerast í hönnun í heiminum í dag. Til dæmis má nefna að stórfyrirtæki á borð við Carlsberg, Apple og Leica voru meðal þeirra sem hlutu Rauða depilinn 2011.

Hönnun umbúða skiptir miklu máli þegar um drykkjarvöru er að ræða, því flaskan og merkimiðinn þurfa að kveikja hugboð um innihaldið strax við fyrstu sýn. „Við vildum að útlitið væri tært og ferskt eins og líkjörarnir“

segir Snorri Jónsson sem á og rekur 64° Reykjavík Distillery ásamt Judith Orlishausen hönnuði. Einföld og fersk stafagerð með lit í samræmi við hvern líkjör fyrir sig. Leikur með tungumálin þar sem blandað er saman íslensku og ensku. Leikur með skiptingu nafnanna í þrjár þriggja stafa línur, sem rímar við sérstaka lögun flöskunnar, sem er há og mjó. Glært gler til að afgerandi litur líkjöranna njóti sín. „Engar málamiðlanir eru okkar mottó, við hættum ekki fyrr en við vorum fullkomlega sátt bæði við útlit og innihald. Okkar hugmyndafæði byggir á því að nýta innlend ber og jurtir við framleiðsluna og skapa þeim viðeigandi umgjörð. Við höfum tröllatrú á okkar frábæra íslenska hráefni.“

Þann 24. október verður glæsileg verðlaunhátíð til heiðurs vinnngshöfum í Konzerthus Berlín. Gefin verður út bók þar sem verkin og verðlaunahafar verða kynntir og þennan sama dag verður einnig formleg opnun sýningar á verkunum sem standur til 28. október. Fyrir þá sem ekki eiga heimangengt mun efnið einnig verða aðgengilegt á heimasíðu keppninnar frá verðlaunahátíðinni og fram að næstu keppni.



reddot design award
winner 2012



Kokteildrykkir

Tequila Sunrise

4cl Tequila
12 cl appelsínusafi
4 cl Grenadine

Hristið saman Tequila og appelsínusafa. Hellið í hátt glas með klaka og hrærið. Bætið Grenadine saman við. Grenadin sest í botninn og rís síðan hægt upp drykkinn. Ef ekki lyftið sýrópinu varlega upp með skeið til að fá rétta litinn.

Við mælum með Patron Silver Tequila



Bláberja Mojito

3 cl romm
20-30 fersk bláber
1 msk hrásykur
10 myntulauf
10 hundasúrulauf (má sleppa)
4-5 bátar af límónu
Sódavatn
Klakakurl

Límóna, hrásykur og mynta eru marin vel saman. Bláber og hundasúrur eru marin létt saman og bætt við. Fyllið hálf glas með muldum klökum og setjið Bacardi romm út í og fyllið glasið með sódavatninu. Skreytið með bláberjalyngi eða ferskri myntu.

Við mælum með Bacardi rommi



Cosmopolitan

4 cl vodka
2cl Cointreau eða Triple Sec
2 cl límonusafi
2cl trönuberjasafi

Allt sett í hristara og hrist vel með klaka. Borið fram í martini glasi og glasið skreytt með sítrónusneið.

Við mælum með Reyka vodka



Gin Fizz

4 cl gin
4 cl sítrónusafi
3 cl sykur
Sódavatn

Allt sett saman í hristara og hellt í glas. Glasið fyllt með sódavatni. Skreytt með sítrónusneið og röri og sykkurrönd sett á glasið.

Við mælum með Tanquery 10 gini



Bloody Mary

4 cl vodka
12 cl tómatsafi
2 msk Worcestersósa
Smá af sítrónusafa
1 dropi Tabascosósa
Salt og pipar eftir smekk

Hrærður eða hristur eftir smekk. Skreytið með sellerí og sítrónusneið.

Við mælum með Absolut vodka



Viðtal við Tryggva Blöndal

Starfsmann Fríhafnarinnar

Nú er komið haust, sumarið liðið og þá breytist oft áfengisvalið hjá farþegum sem eiga leið um komuverslun Fríhafnarinnar. Við ákváðum að spyrja Tryggva Blöndal, sem annast komuverslunina, hvaða vín og áfengi væri vinsælast á haustmánuðum meðal farþega.

Tryggvi, hvaða vín eru „haustvínin“ meðal farþeganna?

Mesta aukningin á sölu í áfengi á haustmánuðum er á Ákavíti, brennivíni og ýmis konar snafsar. Einnig taka heitir drykkir við sumardrykkjunum. Viðskiptavinir okkar kaupa meira af írsku viskí til þess að blanda í Irish Coffee og Stroh romm í kakóið til að halda á sér hita á aðventunni. Þegar nær dregur jólum þá kemur jólabjórinn í sölu hjá okkur, það er gríðarleg ásókn í hann. Auk þess eykst salan á púrtvíni og sérríi umtalsvert bæði til að dreypa á á aðventunni og nota í sósar og súpur.

Hvernig breytast léttvínskaupin á haustin? Eru einhverjar þrúgur vinsælli en aðrar?

Léttvínssalan breytist strax eftir

sumarið. Rauðvín tekur við af hvítvínssölunni. Viðskiptavinir velja sér betri vín á haustin en á sumrin. Á sumrin kaupa þeir léttari vín, sem henta vel eitt og sér, með léttum mat og grill steikum. En á öðrum árstímum kaupa þeir gjarnan þyngri vín, vín sem hafa legið lengur á eikartunnum og henta betur með stórsteikum. Þetta helst sem sagt í hendur við það sem fólk borðar. Viðskiptavinir okkar kaupa frönsk og ítölsk vín í meira mæli. Þessi vín þykja almennt vera bestu matarvínin.

Hvað með kampa- og freyðivín? Hvenær er helst áhugi fyrir þeim og hvaða vín finnst þér helst vera slá í gegn meðal viðskiptavina undanfarið?

Sala á þessum vínunum er jöfn allt árið. Það er einna helst í nóvember og desember þar sem salan tekur kipp. Viðskiptavinir vilja fagna tímamótum með eftirminnilegum hætti.

Eru einhver ný vín í hillunum hjá þér sem þér finnst áhugaverðari en önnur?

Úrvalið á frönskum vínunum er mjög gott. Til dæmis erum við komin með í sölu



vín frá **Gérard Bertrand** sem var valinn víngerðarmaður Evrópu árið 2011 af vintímaritinu Wine Enthusiast. Við erum með mjög breiða vörulínu frá honum, allt frá mjög góðum og ódýrum vínunum upp í hágæða vín. Auk þess stendur til að auka úrvalið á vínunum frá Ítalíu og Spáni á næstu vikum.

Hvað með sterka áfengið? Eru þar á ferðinni einhverjar nýjungar sem þér þykja athyglisverðar?

Úrvalið hjá okkur hefur aldrei verið betra. Við höfum tekið inn nýjar vörulínur í vodka, gini, rommi, viskí og koníaki. Til dæmis **Ciroc vodka**, **Bulldog gin**, **La Mauny romm**, við fáum margar nýjar tegundir í viskí og **Bisquit koníak** er væntanlegt. Og það sem kannski ekki allir vita þá erum við yfirleitt með besta verðið á flugvöllum í Evrópu á sterku áfengi. Til dæmis erum við að selja skoskt viskí á mun betra verði en er á flugvöllum í Glasgow og úrvalið hjá okkur er ekki síðra.

Nú hefur bjórsalan aukist jafnt og þétt í kjölfar aukins tollskammts og tvöföldunar á úrvali í komuversluninni. Er eitthvað sem hefur komið þér á óvart þar, eða eitthvað nýtt sem þú telur rétt að nefna?

Bjórsala er mjög mikil hjá okkur. Staða vinsælustu bjóranna hjá okkur hefur ekki breyst mikið á milli ára. En það er gaman að sjá hvað viðskiptavinir okkar eru tilbúnir að prófa nýjar bjórtegundir. Við byrjuðum að selja **Brío bjórinn**



síðastliðið haust og hefur hann verið mjög vinsæll. Brugggerðin Borg hannaði fyrsta alíslenska bjórinn fyrir Fríhöfnina, hann heitir **Snorri**, íslenskt öl nr.10. Gaman er að segja



frá því að hann er bara til sölu í Fríhöfninni og hefur selst mjög vel síðan hann kom í sölu hjá okkur í sumar. Stefnan hjá okkur er að reyna að vera alltaf með eitthvað nýtt og spennandi fyrir viðskiptavinum okkar. Við höfum selt bjór frá Japan, núna erum við með **Boddingtons** sem er enskt ale í sölu sem fæst hvergi annars staðar á Íslandi.



Er marktækur munur á því sem erlendir ferðamenn velja og svo þeir íslensku hvað áfengi varðar, þegar þeir koma til landsins?

Það er gríðarlegur munur á sölu í komuverslun til útlendinga og Íslendinga. Útlendingarnir kaupa bjór og síðan íslenskar vörur. Þeir eru mjög spenntir fyrir **Reyka vodka** og **Íslenska Brennivíninu**. Þeir hafa mikinn áhuga á að kaupa vörur sem þeir fá ekki í sínu heimalandi.

Hvaða vín eru svo jólavínin í þínum huga?

Pinot Noir þrúgan frá Burgundi í Frakklandi hentar mjög vel með önd og annarri léttari villibráð. Eikað chardonnay hentar mjög vel með kalkún. Það eru til dæmis dýrari hvítvín frá Chile og Argentínu. Góð frönsk hvítvín henta með humri. Ég kaupi gjarnan Chablis eða Pouilly-Fuissé. Öflugt shiraz hentar vel með rjúpum. Það eru frábær kaup á áströlskum shiraz vínnum hjá okkur. Betri ítölsk vín eru í uppáhaldi hjá mér með nautakjöti. Brunello, Amarone, Chianti Classico svo einhver séu nefnd. Gott vín frá Rioja á Spáni með lambakjöti. Við erum að selja virkilega góð reserva og gran reserva þaðan og kosturinn við vín frá Spáni er sá að vínframleiðandi er búinn að geyma vínin fyrir neytendur svo þau eru upp á sitt besta þegar þau koma á markað.

Hvaða vín eða annað áfengi er ómissandi í þínum huga um hátíðirnar?

Sætvín finnst mér ómissandi um hátíðarnar. Ekkert er betra með góðum eftirrétt en gott sætvín og eins er gott að dreypa á því á meðan maður pakkar inn gjöfunum. Úrvalið hjá okkur í sætvínnum hefur aukist sem betur fer upp á síðkastið. Það mætti vera betri sala á sætvínnum á Íslandi en það virðist vera að Íslendingar séu ekki ennþá búnir að uppgötva hversu ljúffeng þessi vín geta verið og hvað þau henta vel með ostum sem og eftirréttum.

Uppskrift af Irish Coffee

3 cl Jameson Irish Whiskey
2 tsk púðursykur
Kaffi

Hrærið saman og fleytið hálfpeyttum rjóma ofan á.



Snorri

Nýja sérvara Fríhafnarinnar er áfenga ölið Snorri sem kemur frá Borg brugghúsi. Ölið var unnið í góðri samvinnu Borgar og Fríhafnarinnar, en að leiðarljósi var haft að búa til öl sem væri al-íslenskt á allan hátt, sérstakt á bragðið og einstakt vegna upprunans. Vatnið, byggið, kryddið er allt íslenskt, næstum ekkert erlent hráefni var notað við framleiðsluna. Bara agnarögn af erlendum humlum voru notaðir.

Frá því að hugmyndin að ölinu kviknaði og þar til það var komið á flöskur liðu um níu mánuðir. En biðin sýnist okkur hafa verið vel þess virði. Svona öl fæst nefnilega ekki hvar sem er. Við bíðum svo spennt eftir áliti okkar góðu viðskiptavina.

Í lýsingu bruggmeistara Borgar á ölinu segir:

„Snorri er þjóðlegt öl. Hann er bruggaður úr innlendu byggi og kryddaður með alíslensku, lífrænu blóðbergi. Snorri er margslunginn og ekki allur sem hann er séður. Hann er ósíaður, örlítið skýjaður en engu að síður ljós yfirlitum. Lyktin gefur til kynna að pundið sé þungt í Snorra, en annað kemur í ljós við smökkun; það er létt yfir honum og ferskleiki í fyrirrúmi. Eitt af því sem gerir Snorra enn meira spennandi er ljúffengur og framandi ávaxtakeimur sem blandast skemmtilega við hinn villta lyngkeim. Snorri er aðgengilegur bjór og hentar t.d. vel með léttri villibráð.

Við erum ákaflega stolt af Snorra og sýnum honum tilhlýðilega virðingu með því að kenna hann við sjálfan Snorra.“

Líkt og bruggmeistarar Borgar erum við líka ákaflega stolt af að geta boðið viðskiptavinum Fríhafnarinnar upp á vöru sem er einstök. Við erum líka ákaflega ánægð með nafngiftina, því Snorri Sturluson er jú meðal þekktari Íslendinga á Norðurlöndum og var líka þekktur fyrir kornölið sem bruggað var á bænum hans. Við vonum sannarlega að Snorri nr. 10 mælist vel fyrir meðal viðskiptavina.



SNORRI

Íslenskt öl

NR.10



BEER
5.3%
ALC. VOL.



Bestu molarnir frá Freyju

Hátíð

Hvaða moli er í uppáhaldi hjá þér?



QUALITY STREET

2,9kg

Fullkomin dós fyrir alla fjölskylduna og vini. Þar sem hver og einn finnur sinn uppáhalds mola.



PINGVIN SALTPILLUR

310g

Vinsælsutu saltpillurnar síðan 1926. Auðvelt að bera og auðvelt að borða. Fæst eingöngu í Fríhöfninni



Frábærir pokar til gjafa eða bara til að eiga við gott tækifæri heima.



TWIST PARTY BAG

550g

11 tegundir af súkkulaði- og karamellumolum.



MARABOU DAIM

300g

Stökkir, brakandi molar hvenær sem er.



TOBLERONE TINY BAG

400g Minnsta toblerone í heimi.



SUPER MINI MIX

650g

Súper smástykki frá Mars. Öll uppáhalds súkkulaðistykkin þín í fallegum gjafapoka.

Fazer súkkulaðiplötur

Leyniuppskrift frá Karl
Fazer síðan 1922 - þú
verður að smakka, mikið
úrval.



DÖKKT SÚKKULAÐI



MANDLA OG PERA



MJÓKURSÚKKULAÐI



JARÐABER OG VANILLA



PIPARMYNTA



HESILHNETA



They're waiting for You.



Lego komið aftur

Lego leikföngin eru komin aftur í Fríhöfnina. Börn á öllum aldri ættu að finna eitthvað skemmtilegt við hæfi.



SUPER HEREOS
Batwing Battle Over Gotham City



DUPLO
Snow White's Cottage



STAR WARS
Imperial V-wing Starfighter



FRIENDS
Emma's Fashion Design Studio



DUPLO
Baby Zoo



NINJAGO
Lasha's Bite Cycle

Spiderman

Njóttu ævintýraferðarinnar með spiderman.



SPIDERMAN
Monster My Ride



SPIDERMAN
Cyber Cycle



SPIDERMAN
Storage Pack in Box



SPIDERMAN
Loop 'n Launch Track

Bratz

Hinar geysivinsælu dúkkur sem hreinlega elska tískuna.



BRATZ
Heartbreakerz



BRATZ
Desert Jewelz



BRATZ
Trend It



BRATZ
Neon Runway

Yoohoo

Yoohoo litríku bangsarnir með skottið og stóru augun hafa lengi verið vinsælir hjá smáfólkinu.

Nú hafa vinir þeirra með dreymandi augun einnig ratað inn í Fríhöfnina.

leikföng

YOOHOO LYKLAKIPPA



SMÁPANDA 18 CM



FENNEC 18 CM

TENNISSTJARNA



LETIDÝR



DREAMY EYES GÍRAFFI



DREAMY EYES NEMO FISKUR



DREAMY EYES HVÖLPUR

Berlín, Glasgow Frühöfnin!





VALITOR

Lausnir á landsmætti

DUTYFREE FASHION

KEFLAVÍK INTERNATIONAL AIRPORT

Together we make things happen



Smelltu **hér**
til að skrá þig á
póstlistann okkar